



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/1262*  
*komudagur 14.3.2014*

Reykjavík 14. mars 2014

*Tilvísun: 2014020121*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

### **Tillaga til þingsályktunar um áhættumat vegna ferðamennsku - 216. mál**

Með erindi dagsettu 18. febrúar sl. óskaði Umhverfis- og samgöngunefnd eftir umsögn ríkislögreglustjóra um tillögu til þingsályktunar um áhættumat vegna ferðamennsku.

Ríkislögreglustjórinn fagnar öllum verkefnum sem miða að því að auka öryggi ferðamanna því reynsla síðustu ára sýni svo ekki verður um villst að aukin straumur ferðamanna til landsins hefur í för með sér aukin verkefni viðbragðsaðila. Einnig eru því miður of mörg dæmi um ferðamenn sem slasast eða jafnvel látast við það að lenda í aðstæðum sem voru þeim framandi.

Mikilvægt er því að vinna markvist að því að nálgast verkefni um aukið öryggi ferðamanna með víðtækri samvinnu margar aðila. Til að vinna slíkt verkefni á sameiginlegum gruni má t.d. nefna ferla áhættustjórnunar skv. ISO 31000:2009 staðlinum. Slík aðferðafræði er sambærileg þeirri sem unnið er eftir í almannavörnum á landinu í dag.

Við yfirferð tillögunar vakna spurningar um hversu ítarlegt slíkt áhættumat ætti að vera og hvort ekki sé skynsamlegra að vinna verkefnið sem heildarnálgun og taka þá t.d. inn í það auk áhættumatsins fræðslu, þjálfun, gerð viðbragðsáætlana og aðrar slíkar áhættuminnkandi aðgerðir.

Í dag vinna margir ferðaþjónustuaðilar samkvæmt gæða og umhverfiskerfinu Vakinn. Eðlilegt er að horfa til þeirrar reynslu og nýta hana við undirbúnings þessu verkefni. Við gerð áhættumats í óbyggðum og utan alfaraleiða líkt og gert er ráð fyrir í tillögunni verður að taka til greina margbreytileika íslenskar náttúru og hversu hratt aðstæður geta breyst. Þeir breytileikar gera það nánast ómögulegt að gera áhættumat fyrir svæði sem gildir við allar aðstæður.

Þegar aðferðafræði áhættustjórnunar er notuð má byggja grunn að kerfi sem allir sem hafa umsjón með og bera ábyrgð á ferðamannastöðum eða vinsælum ferðaleiðum í óbyggðum og utan alfaraleiða nýta við áhættustýringu á hverjum tíma. Slíkt er

## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

einungis raunhæft með víðtækri samvinnu stofnana, samtaka og annarra hlutaðeigandi aðila.

Til að raunhæfur árangur náist þarf að tryggja fjármagn til að sinna þessu verkefni. Þó að samvinna og framlag aðila í formi vinnu og aðstöðu samkvæmt núverandi fjárheimildum sé algjörlega nauðsynlegt.

Það er mat ríkislögreglustjóra að gera þurfi verkáætlun til 5 ára þar sem markmiðið er að taka upp áhættustjórnunarkerfi sem allir hlutaðeigandi aðilar geta nýtt sér. Fyrsti áfangi slíks verkefnis er að kostnaðargreina þætti þess og slíkri áætlun væri skilað sem fyrst þá gæti Alþingi gert ráðstafanir við fjárlagavinnu fyrir árið 2015. Ríkislögreglustjóri væri tilbúin að leiða vinnu við slíka áætlun innan fjárheimilda 2014.



F.h. RLS



Jón F. Bjartmarz / Thelma Cl. Þórðardóttir